



FJÁRMÁLA- OG
EFTIRHAGSÁÐUNETTÍÐ

ÓPINBER FJÁRMÁL 2017-2021

Fjármálastefna og fjármálaáætlun



LÖG UM OPINBER FJÁRMÁL: ALMENNT

- » Meginmarkmið nýrra laga um opinber fjármál er bætt stefnumörkun í opinberum fjármálum með samhæfingu ríkisfjármála, fjármála sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.
- » Gerir betur kleift að meta efnahagsáhrif af starfsemi allra þessara opinberu aðila á þjóðarbúskapinn og að beita opinberum fjármálum til hagstjórnar í því skyni að stuðla að sem mestum stöðugleika í efnahag fyrirtækja og heimila sem og opinberra aðila.
- » Kveðið á um í lögumum að lagðar séu fyrir Alþingi tvær þingsályktanir á þessu sviði:
 - » Fjármálastefna til fimm ára
 - » Fjármálaáætlun til fimm ára (voráætlun)



LÖG UM OPINBER FJÁRMÁL: FJÁRMÁLAREGLUR


- » Í LOF er kveðið á um að markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar um afkomu og efnahag hins opinbera, þ.e. A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga skuli samræmast tilteknum skilyrðum, eða svokölluðum fjármálareglum:
 1. Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu.
 2. Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur 30% af vergri landsframleiðslu.
 3. Ef skuldahlutfall skv. 2. tölul. er hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári.

- » Báðar fjármálareglurnar verða uppfylltar á fyrstu tveimur árum áætlunarinnar




EFNAHAGSADSTÆÐUR VORÁÆTLUNAR


Hagvöxtur




Skuldir heimila og veðhlutfall



Laun og kaupmáttur launa, 12 mánaða breyting





Hrein erlend staða þjóðarbúsins



EFNAHAGSAÐSTÆÐUR VORÁÆTLUNAR

- » Framleiðsluspenna er farin að myndast í hagkerfinu
- » Afar mikilvægt í því samhengi að fjármálastefna stjórnvalda og fjármálaætlun fyrir hið opinbera verði aðhaldssöm og vegi á móti þeirri þenslu sem er að myndast í hagkerfinu
- » Beita þarf ríkisfjármálunum á vaxtarskeiðinu til að sporna við eftirspurnarþenslu og óstöðugleika
- » Að öðrum kosti er hætt við að leiðrétting í hagkerfinu muni þurfa að verða harkalegri en ella



EFNAHAGSAÐSTÆÐUR VORÁÆTLUNAR: GJALDEYRISHÖFT OG STÖÐUGLEIKAFRAMLÖG

» Gjaldeyrishöft:

- Mikilvægasta áfanganum náð með nauðasamningum slitabúa í lok 2015
- Næsti áfangi lýtur að úrlausn aflandskrónueigna
- Í þriðja áfanga verða höft losuð á innlenda aðila

» Stöðugleikaframlög:

- Stöðugleikaframlög slitabúa nema alls 384 ma.kr.
- Undirliggjandi eignum má í meginatriðum skipta í fernt; laust fé, framselseignir, fjársópseignir og framlög vegna viðskiptabanka
- Stærstu eignirnar eru hlutafé í Íslandsbanka auk skuldabréfs með veði í Arionbanka
- Lindarhvoll ehf. mun annast umsýslu eigna annarra en Íslandsbanka
- Markmiðið er að flýta sölu eigna og endurheimtum eins og kostur er án þess að það komi niður á háþrókun verðmæta
- Við sölu skal leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni
- Andvirði stöðugleikaframlaga verður nýtt til niðurgreiðslu skulda




FJÁRMÁLASTEUFNA 2017-2021

Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2017	2018	2019	2020	2021
Hið opinbera, A-hluti:	%	%	%	%	%
Heildarafkoma	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heildarskuldir	34	30	29	28	26
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	28	24	23	22	21
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	6	6	6	6	5
Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra):					
Heildarafkoma	0	0,1	0,7	1,1	1,3
Heildarskuldir	59	55	53	52	49




FJÁRMÁLAÁÆTLUN 2017-2021: AFKOMA HINS OPINBERA (RÍKI OG SVEITARFÉLÖG)*



* án áhrifa tekna af stöðugleikaframlögum



FJÁRMÁLAÁÆTLUN 2017-2021: SKULDAÞRÓUN HINS OPINBERA (RÍKI OG SVEITARFÉLÖG)*



* skv. skuldaviðmiði laga um opinber fjármál




FJÁRMÁLAÁÆTLUN 2017-2021: MEGINSTEFNUMIÐ RÍKISFJÁRMÁLA

Páttur	Stefnumið
Hagstjórn	Aðhaldssemi verði gætt í fjármálum ríkissjóðs sem vegi á móti aukningu eftirspurnar og þenslu á næstu árum. Stjórnvöld beiti sér fyrir sérstökum mótvægisáðgerðum til að varna frekari spennu í hagkerfinu.
Afkoma	Árlegur afgangur á rekstri A–hluta ríkissjóðs verði a.m.k. 1% af VLF á áætlunartímabilinu.
Tekjur	Frumtekjur* vaxi ekki umfram vöxt VLF frá 2017 fram til ársins 2021.
Gjöld	Frumgjöld* vaxi ekki umfram vöxt VLF fram til ársins 2021.
Skuldir	Brúttóskuldir lækki um a.m.k. 15% bæði að nafnvirði og sem hlutfall af VLF frá stöðu í árslok 2016 fram til ársloka 2021. Öllum óreglulegum og einskiptis tekjum verði varið til niðurgreiðslu skulda og lækkunar á vaxtagjöldum.
Fjárfesting	Fjárfestingarstig ríkisins verði 1,3% af VLF árin 2017 og 2018 en hækki í 1,5% árið 2019 og til loka tímabilsins.

* Að frátöldum óreglulegum og tímabundnum liðum




FJÁRMÁLAÁÆTLUN 2017-2021: AFKOMA RÍKISSJÓÐS




* án óreglulegra liða s.s. tekna af stöðugleikaframlögum



LÁNSFJÁRMÁL 2017-2021: BRÚTTÓ SKULDIR RÍKISSJÓÐS OG HREIN STAÐA




LÁNSFJÁRMÁL 2017-2021: SKULDIR RÍKISSJÓÐS - SVIÐSMYNDIR



*Brúttó skuldahlutfall 21%, nettó skuldahlutfall ca. 8%



LÁNSFJÁRMÁL 2017-2021: VAXTAGJÖLD RÍKISSJÓÐS



TEKJUÁÆTLUN RÍKISINS 2017-2021

- » Efnahagsleg þróun ræður mestu um tekjuþróunina og því aukast skatttekjur verulega á næstu árum ...
- » ... þegar skattstofnar vaxa í takt við atvinnustig, laun og tekjur, einkaneyslu, arðsemi fyrirtækja o.fl. þætti
- » Mikil einföldun á skattkerfinu er þegar að baki ...
- » ... hún bætir bæði almenna skilvirkni í hagkerfinu og tekjuskilvirkni skattkerfisins á næstu árum ...
- » ... og skapar sterkar forsendur til að auka almenna velferð
- » Næstu skref eru að lækka tryggingagjald um 0,5 prósentur 1. júlí ...
- » ... og ljúka við heildarendurskoðun VSK og nýja stefnumótun á sviði skattlagningar ökutækja og eldsneytis



LÖGFESTAR SKATTABREYTINGAR FRÁ HAUSTI 2013

- » Tekjuskattur einstaklinga lækkaður 2014 (neðri þrepamörk hækkuð, skatthlutfall í miðprepi lækkað) og 2016 og 2017 (þrepum fækkað, þrepamörk lækkuð, neðra skatthlutfall lækkað)
- » Skilvirkni VSK aukin: bil milli skattþrepa þrengt, stofn breikkaður
- » Almenn vörugjöld lögð niður (heimilistæki, matvara, varahlutir o.fl.)
- » Tollar lagðir niður af margvíslegum vörum (2/3 álagðra tolla aflétt)
- » Tryggingagjald lækkað þrisvar sinnum, um alls 0,34 prósentur
- » Almennur fjársýsluskattur lækkaður um 1,25 prósentur
- » Nýtt og einfalt stimpilgjaldakerfi
- » Bankaskattur hækkaður og slitabú gerð skattskyld




HELSTU BREYTINGAR UM NÆSTU ÁRAMÓT

- » 1. janúar 2017 taka gildi síðari áfangar breytinga á tekjuskatti einstaklinga og tollum
- » Tekjuskattur einstaklinga:
 - neðra skattþrep lækkar úr 22,68% í 22,5%
 - efra skattþrep verður óbreytt 31,8%
 - miðþrep fellur brott
 - skattbyrði lækkar mest hjá miðtekjuhópum
 - áhrif til lækkunar á skattbyrði í þessu þrepi eru 5,5 mia.kr. en samtals 11 mia.kr. að meðtalinni lækkun 1. janúar 2016.
- » Tollar:
 - falla brott af öllum vörum nema tilteknum matvælum
 - dæmi um vörur: íþróttabúnaður, leikföng, bílavarahlutir
 - mikil einföldun tollakerfisins
 - Samanlögð áhrif til lækkunar á skattbyrði 3 mia.kr.



ÚTGJALDAÁÆTLUN 2017-2021*




* Án óreglulegra liða




VIÐBÓTARFJÁRFESTINGARSVIGRÚM 2017-2021

- » Viðmið um að halda fjárfestingastigi ríkisins í 1,3% af VLF árin 2017-2019 þegar atvinnuvega- og íbúðafjárfesting er mikil en auka það árin 2020 og 2021 í 1,5% af VLF* þegar dregur úr öðrum fjárfestingum í hagkerfinu.
- » Fjárfestingasvigrúmið verður með þessu 6,4 mia.kr. árið 2017 en eykst yfir tímabilið og verður uppsafnað nálægt 22 mia.kr. árið 2021.
- » Felur í sér að heildarumfang framkvæmda sem fjármagnað er með svigrúminu geti orðið 75 mia.kr. árin 2017-2021.
- » Kemur til viðbótar 25-28 mia.kr. í árlegum grunnfjárfestingum þannig að samtals verða fjárfestingar 38-48 mia.kr. á ári eða samtals 205 mia.kr. fyrir allt tímabilið.
- » Byggir á auknum reglubundnum tekjum ríkissjóðs og svigrúmi sem myndast með lækkun vaxtakostnaðar.



VIÐBÓTARFJÁRFESTINGARSVIGRÚM 2017-2021

Framlög í mia.kr. til nýrra og stærri fjárfestingaverkefna 2017-2021*




* fjárhæðir eru áætluð útgjöld þessara verkefna á árunum 2017-2021




ÚTGJALDASVIGRÚM 2017-2021

- » Í fjármálaáætluninni hefur verið myndað sérstakt útgjaldasvigrúm og er svigrúminu skipt niður á málefnasvið ráðuneyta.
- » Gert er ráð fyrir nálægt 14 mia.kr. útgjaldasvigrúmi fyrir árið 2017
 - » Við skiptingu svigrúmsins var annars vegar horft til sérstakra áherslumála ráðuneyta en hins vegar til veltu málefnasviða með þeim hætti að heilbrigðis-, mennta- og löggæslumál fá meiri forgang.
- » Þessu til viðbótar er á árunum 2018–2021 gert ráð fyrir frekara árlegu útgjaldasvigrúmi en það nemur 7 mia.kr. á ári.
- » Samanlagt nemur uppsafnað útgjaldasvigrúm til nýrra og aukinna verkefna 42 mia.kr. á tímabilinu 2017–2021.



HEILBRIGÐISMÁL*



* skv. nýrri flokkun málefna sviða á grundvelli LOF: sjúkrahúsaþjónusta, heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta, lyf og lækningavörur





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Takk fyrir!

www.fjr.is | twitter.com/MoFiceland



FJÁRMÁLA- OG
EFTIRHAGSÁÐUNETTÍÐ

ÓPINBER FJÁRMÁL 2017-2021

Fjármálastefna og fjármálaáætlun

